

Fimmtudaginn 2. maí 1996.

Nr. 478/1994.

Pétur H. Blöndal

(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Moniku D. Blöndal

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Hjón. Börn. Skilnaðarsamningur. Meðlag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1994. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Til vara krefst hann þess í fyrsta lagi, að stefnda verði dæmd til að endurgreiða sér 1.112.236 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, eins og nánar er greint frá í hinum áfrýjaða dómi, frá 1. október 1989 til greiðsludags, að frádregnum 362.308 krónum, sem greiddar hafa verið inn á kröfuna með skuldajöfnuði af hálfu áfrýjanda við meðlagskröfu stefndu, eins og einnig kemur fram í héraðsdómi. Í öðru lagi krefst hann þess, að stefnda verði dæmd til að endurgreiða sér 1.051.968 krónur með dráttarvöxtum, eins og segir um fyrstu varakröfu, að frádregnum 569.817 krónum. Í þriðja lagi krefst hann þess, að stefnda verði dæmd til að endurgreiða sér 991.700 krónur með dráttarvöxtum, eins og að framan greinir, að frádregnum 777.326 krónum. Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi krefst aðallega ómerkingar hins áfrýjaða dóms og heimvísunar málsins, þar sem héraðsdómari hafi ekki tekið efnislega afstöðu til krafna hans. Ekki er fallist á rök áfrýjanda fyrir þeirri kröfu.

II.

Mál þetta fjallar um kröfu áfrýjanda á hendur stefndu um endurgreiðslu á ofgreiddu meðlagi, sem áfrýjandi telur sig hafa greitt stefndu með fjórum börnum þeirra, sem stefnda fékk forsjá fyrir við skilnað þeirra hjóna. Samkvæmt skilnaðarsamkomulagi átti áfrýjandi að greiða tvöfalt meðlag með hverju barni, eins og það er ákveðið á hverjum tíma af Tryggingastofnun ríkisins. Meðlagið skyldi greiða frá maí 1989 til fullnaðs 18 ára aldurs barnanna. Nær krafa áfrýjanda yfir tímabilið fram til 1. september 1993. Tvö börn aðila urðu 18 ára í ágúst og september 1990.

Áfrýjandi telur, að þessi ofgreiðsla hafi í fyrsta lagi myndast á þeim tíma, sem sonurinn Stefán Patrik, f. 28. júní 1976, var á framfæri hans, og í öðru lagi á þeim tíma, er stefnda fékk greidd þreföld meðlög með börnunum, það er á tímabilinu maí 1989 til júlí 1990. Um hið síðarnefnda var því slegið föstu með dómi Hæstaréttar 5. apríl 1993, að stefnda ætti ekki kröfu á herra meðlagi en ákveðið var í skilnaðarkjarasamningnum og að meðlagsgreiðslur þær, sem áfrýjandi hafði innt af hendi umfram það, sem um var samið, gætu komið til skuldajafnaðar við meðlagskröfu stefndu.

Að því er fyrra atriðið varðar, ofgreiðslu með Stefáni Patrik, telur áfrýjandi, að hann hafi annast framfærslu hans, frá því að hann fluttist heim til hans í október 1989 þar til í maí 1992, er Stefán Patrik fluttist aftur til móður sinnar, þar sem hann var þar til í desember sama ár. Eftir þann tíma hafði hann herbergi á leigu á kostnað áfrýjanda. Eru varakröfur áfrýjanda reistar á því, að þann tíma, sem Stefán Patrik var hjá áfrýjanda, hafi stefndu borið að greiða meðlag með honum, aðallega tvöfalt meðlag, til vara einfalt meðlag og til þrautavara, að meðlagsgreiðslur áfrýjanda hefðu átt að falla niður þennan tíma.

Stefnda hafði forsjá Stefáns Patriks allan tímamann, og átti hann lögheimili hjá henni þar til 1. nóvember 1992. Áfrýjandi fór aldrei fram á breytingu á forsjá drengsins, enda var ekki vitað, hvort um varanlegan flutning hans væri að ræða. Stefnda mótmælir því, að áfrýjandi hafi einn séð um framfærslu Stefáns Patriks þann tíma, sem hann var hjá áfrýjanda, og verður að telja ósannað, að stefnda hafi engan kostnað haft af drengnum þann tíma. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á, að fullnægt sé efnislegum skilyrðum 22. gr. barna-

laga nr. 9/1981, sbr. 2. mgr. 20. gr., og nú 18. gr. barnalaga nr. 20/1992, sbr. 2. mgr. 16. gr., til breytinga á meðlagsákvæði skilnaðarkjarasamnings aðila, og eru því ekki forsendur til að taka til greina kröfu hans um endurgreiðslu meðlags vegna Stefáns Patriks.

III.

Áfrýjandi krefst dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá greiðsludegi hvernar fjárhæðar, sem hann ofgreiddi. Í ljós er leitt, eins og í héraðsdómi greinir, að áfrýjandi neitaði viðtöku hins ofgreidda fjár úr hendi stefndu. Samkvæmt 13. gr. vaxtalaga eru því ekki efni til að reikna dráttarvexti á það meðlag, sem áfrýjandi ofgreiddi, er hann greiddi þrefalt meðlag með börnum sínum.

IV.

Af framansögðu leiðir, að staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Pétur H. Blöndal, greiði stefndu, Moniku D. Blöndal, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 2. nóvember sl., er höfðað með stefnu, birtri 20. september 1993.

Stefnandi er Pétur H. Blöndal, kt. 240644-2319, Kringlunni 19, Reykjavík.

Stefnda er Monika D. Blöndal, kt. 310147-5169, Aflagranda 20, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, „að stefnda verði dæmd til að greiða honum 1.112.236 kr. með dráttarvöxtum [...], allt að frádregnum 362.308 kr., sem greiddar hafa verið inn á kröfuna í formi skuldajafnaðar af hálfu stefnanda við meðlagskröfu stefndu [...].

Til vara er þess krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða honum 1.051.968 kr. með dráttarvöxtum [...], allt að frádregnum 569.817 kr., sem greiddar hafa verið inn á kröfuna í formi skuldajafnaðar af hálfu stefnanda við meðlagskröfu stefndu [...].

Til þrautavara er þess krafist, að stefnda verði dæmd til að greiða honum 991.700 kr. með dráttarvöxtum [...], allt að frádregnum 777.326 kr., sem greiddar hafa verið inn á kröfuna í formi skuldajafnaðar af hálfu stefnanda við meðlagskröfu stefndu [...].

Stefnda krefst sýknu og málskostnaðar.

Stefnda hafði upphaflega krafist frávísunar, en fallið frá þeirri kröfu. Með úrskurði, upp kveðnum 24. maí sl., var málinu vísað frá án kröfu. Hæstiréttur felldi þann úrskurð úr gildi 23. júní sl.

Málavextir.

Aðilar málsins skildu að borði og sæng 7. júlí 1989 og skildu lögskilnaði 3. ágúst 1990. Hinn 24. maí 1989 sömdu þau um skilnaðarkjör, og samkvæmt þeim samningi fékk stefnda forsjá fjögurra barna þeirra, en stefnandi lofaði að greiða tvöfalt meðlag með hverju barni frá 1. maí 1989 til fullnaðs 18 ára aldurs hvers þeirra. Átti stefnandi að greiða meðlögin mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn 1. júní 1989 fyrir maímánuð þ. á. Í leyfisbréfi til skilnaðar að borði og sæng og lögskilnaðarleyfi er þetta ákvæði tekið upp.

Stefnandi greiddi meðlög beint til stefndu frá því í maí 1989 og þar til í júlí 1990, að hann hætti því. Alls greiddi hann á þessu tímabili 730.848 kr. í meðlög. Stefnda lagði 28. júlí 1989 inn umsókn hjá Tryggingastofnun ríkisins um greiðslu einfalds meðlags með börnunum, og eftir það greiddi stofnunin henni einfalt meðlag með hverju barni og endurkrafði stefnanda um Innheimtustofnun sveitarfélaga, eins og tíðkanlegt er. Hefur stofnunin endurkrafði stefnanda um þær greiðslur, sem nema samtals 884.946 kr., fram til 1. september 1993. Til 1. september 1993 hefur stefnandi því greitt samtals 1.615.794 kr. í meðlag með börnum sínum.

Í ágúst 1990 varð eitt barnanna 18 ára og annað í september sama ár. Þriðja barnið, Stefán Patrik, hefur allt frá því í október 1989 og þar til málið var höfðað, ýmis verið hjá stefnanda eða stefndu, og er það ein af málsástæðum stefnanda, að honum beri ekki að greiða meðlag með því á þeim tíma, er það dvaldist hjá honum, eins og rakið verður í næsta kafla. Yngsta barnið, fætt 1980, hefur alla tíð verið hjá stefndu.

Málsástæður og lagarök.

Í samræmi við almennar reglur um endurgreiðslu ofgreidds fjár heldur stefnandi því fram, að stefndu beri að endurgreiða sér þær meðlagsgreiðslur, sem hann hefur greitt umfram skyldu. Kveðst hann m. a. rökstyðja það með því, að hann hafi innt allar greiðslur sínar af hendi með fyrirvara um endurgreiðslu og að stefndu hafi frá upphafi verið kunnugt um, að hann myndi endurkrefja hana um það, sem ofgreitt var, og því alls ekki tekið við greiðslunum í þeirri trú, að þær væru endanlegar. Þá bendir stefnandi á, að

nái endurgreiðslukrafan fram að ganga, komi hún ekki þungt niður á stefndu, því að hún sé vel efnum búin.

Stefnandi kveðst bera sönnunarbyrðina fyrir því, að ofgreiðsla hafi orðið, og liggi ótvírætt fyrir, að hann hafi greitt meðlög umfram skyldu. Stefnda beri á hinn bóginn sönnunarbyrðina fyrir því, að einhverjar ástæður liggi fyrir, sem komið geti í veg fyrir endurheimtu. Sé því haldið fram, að um enga slíka ástæðu sé að ræða í málinu.

Þá sé á það bent, að stefnda hafi með saknæmum hætti misnotað aðstöðu sína með því að taka við meðlagsgreiðslum fyrir atbeina Tryggingastofnunar ríkisins og Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Hún hafi vísvitandi tekið við greiðslum frá Tryggingastofnun og stefnanda á sama tíma. Er í því sambandi vísað í bréf hennar til tryggingaráðs frá 27. september 1989. Þar sjáist glögglega, að hún hafi frá upphafi haft fulla vitneskju um ofgreiðslur stefnanda. Stefnandi hafi ekki sætt sig við þessar innheimtuaðferðir, þ. e. að greiða meðlög fyrir meðalgöngu Tryggingastofnunar.

Stefnandi rökstyður aðalkröfu sína sem hér segir: „Miðað er við, að stefndu beri að greiða tvöfalt meðlag með Stefáni Patrik þann tíma, sem hann var hjá stefnanda, þ. e. frá 15. október 1989 til 1. maí 1992 og frá 1. desember 1993. Á tímabilinu maí 1989 til og með 15. október 1989 greiddi stefnandi réttilega tvöfalt meðlag með börnunum fjórum. Engin ofgreiðsla fór fram á þessu tímabili, eins og sjá má á neðangreindri sundurliðun. Eftir að Stefán Patrik fluttist til stefnanda 15. október 1989, bar stefnanda eingöngu að greiða meðlög með tveimur börnum, því að stefndu bar frá sama tíma að greiða tvöfalt meðlag með Stefáni Patrik. Það fólst í skilnaðarkjarasamningi aðila, að meðlagsgreiðslur með börnum þeirra skyldu vera tvöfaldar. Eðli máls samkvæmt verður að vera jafnræði í meðlagsgreiðslum aðila að þessu leyti, að öðrum kosti væri verið að brjóta gegn því jafnræði, sem haft var í heiðri við skiptingu eigna aðila við skilnað þeirra. Davíð varð 18 ára 23. október 1990 og Dagný 13. september 1990. Stefán Patrik vann frá maí til júlí 1993, og krefst stefnandi af þeim sökum þess ekki, að stefnda greiði tvöfalt meðlag með Stefáni fyrir þann tíma, eins og sjá má á töflunni hér fyrir neðan. Rétt er að geta þess, að þrátt fyrir það að Stefán hafi verið að vinna ofangreint tímabil, greiddi stefnandi leigu fyrir hann og að einhverju leyti upphald. Stefnandi hefur skuldbundið sig til að greiða 30.000 kr. á mánuði í skólagjöld fyrir Stefán, en hann mun hefja nám í framhaldsskólanum í Reykholti í haust“.

Í stefnunni er síðan sundurliðað, hvenær stefnandi hafi greitt stefndu meðlög, hversu mikið og hversu mikið hann hafi átt að greiða.

Varakrafa stefnanda er rökstudd með því, að „verði ekki fallist á, að

stefndu hafi borið að greiða tvöfalt meðlag með Stefáni Patrik þann tíma, sem hann var hjá stefnanda, er í öllu falli ljóst, að henni bar að greiða einfalt meðlag með honum þetta tímabil, sbr. 1. ml. 2. mgr. 19. gr. barnalaga nr. 20/1992. Stefán Patrik var hjá stefnanda að höfðu samráði við stefndu. Miðast varakrafan við það“. Að öðru leyti er vísað til þess, er sagði um aðalkröfuna hér að framan, og varakrafan sundurliðuð á sama hátt.

Þrautavarakrafan er rökstudd með því, að „fari svo ólíklega, að hvorki verði fallist á aðal- né varakröfu, er ótvírætt, að stefnanda bar ekki að greiða meðlög með Stefáni Patrik þann tíma, sem hann hefur staðið straum af útgjöldum vegna framfærslu hans. Miðast þrautavarakrafan við þetta“. Að öðru leyti er vísað til þess, er sagði um aðalkröfuna hér að framan, og þrautavarakrafan sundurliðuð á sama hátt.

Endurkröfuna kveðst stefnandi reisa á almennum reglum kröfuréttar um endurgreiðslu ofgreidds fjár og almennu skaðabótareglunni. Þá vísar hann í vaxtalög og lög um meðferð einkamála.

Stefnda staðhæfir, að hún hafi verið í fullum rétti með að fá meðlag greitt um Tryggingastofnun ríkisins. Fyrst hafi hún haldið, að stofnunin myndi láta stefnanda vita, en þegar hún hafi komist að því, að svo var ekki, hafi hún endursent stefnanda ávísun, en hann sent henni hana aftur. Hún hafi þá stofnað bankabók og lagt mismuninn inn á hana, hringt í stefnanda og beðið hann einu sinni enn að hætta að senda sér tvöfalt meðlag, en allt hafi komið fyrir ekki, og fram í júní 1990 hafi hann haldið áfram að senda henni meðlagsreiðslur. Þá hafi hann hætt því, og frá þeim tíma hafi hún aðeins fengið meðlagsreiðslur um Tryggingastofnun. Stefnda kveðst því á engan hátt hafa beitt stefnanda blekkingum, og sér verði ekki á neinn hátt gefið að sök, þótt hann hafi greitt umfram skyldu á þessu tímabili. Hafi ranglega verið staðið að innheimtunni á vegum stofnunarinnar og Innheimtustofnunar sveitarfélaga, eigi stefnandi að beina kröfum sínum um það þang- að, en ekki að stefndu.

Þá bendir stefnda á, að hún hafi farið með forsjá Stefáns Patriks óslitið frá skilnaðinum, hann hafi átt lögheimili hjá henni til 1. nóvember 1992 og hún ávallt séð um mikinn hluta framfærslu hans. Af þessu leiði, að hún geti að lögum ekki verið meðlagsskyld með Stefáni Patrik gagnvart stefnanda. Þegar Stefán Patrik hafi flust til stefnanda í október 1989, hafi hún boðið honum að taka við forsjá hans og fá úrskurð þar að lútandi, en það hafi stefnandi ekki viljað.

Stefnda kveður það rangt, að sér hafi verið um það kunnugt, að stefnandi hygðist endurkrefja sig. Hann hafi vísitandi greitt of mikið, og því séu engin rök fyrir endurkröfu.

Stefnda skírskotar til þess, að með skilnaðarsamningnum hafi stefnandi tekið að sér að greiða tvöfalt meðlag með börnum þeirra fjórum. Samningurinn standi enn, honum hafi ekki verið rift. Frá 1. október 1989 til 1. júní 1990 hafi stefnandi greitt „umfram skuldbindingar og með fyrirvara 317.598 kr. í meðlagsgreiðslur, sem hann má nota til skuldajöfnunar skv. dómi Hæstaréttar nr. 121/1993. Ég er og var með forsjá með öllum börnunum. Þau eru öll með lögheimili hjá mér, og ég annaðist framfærslu þeirra. Það er skylda Péturs að greiða tvöfalt meðlag (nú með Stellu og Stefáni). Allt, sem hann gerir fyrir utan það, gerir hann af fúsum og frjálsum vilja, einhliða og algerlega án samráðs við mig.“

Stefnda vísar í barnalög nr. 20/1992 og skilnaðarkjarasamning aðila.

Niðurstaða.

Áður var getið um skilnaðarkjarasamning aðila og þess, að samkvæmt honum fékk stefnda forsjá barna þeirra og stefnandi lofaði að greiða tvöfalt meðlag með þeim til 18 ára aldurs.

Hvorki í þessu máli né annars staðar hefur stefnandi krafist þess, að þessu ákvæði samningsins verði breytt, eins og hann hefur þó haft tækifæri til, sbr. 18. gr. barnalaga nr. 20/1992. Samningurinn stendur af þeim sökum óbreyttur á milli aðila, og eins og kröfugerð stefnanda er háttað, verður ekki hróflað við ákvæðum hans. Af þessu leiðir, að stefnanda ber að greiða stefndu tvöfalt meðlag með börnum þeirra, eins og það er ákveðið af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma, frá 1. maí 1989 og til fullnaðs 18 ára aldurs hvers þeirra. Gegn mótmælum stefndu og að óbreyttum skilnaðarkjarasamningi aðila verður því hvorki fallist á, að stefndu beri að greiða stefnanda meðlag með syni þeirra, Stefáni Patrik, né að meðlagsgreiðslur hans til hennar eigi að falla niður, þótt hann hafi á einhverjum tíma staðið straum af framfærslu Stefáns Patriks.

Kemur þá til athugunar, hversu mikið stefnanda ber að greiða með börnum sínum samkvæmt samningnum og hvort hann kunni að hafa ofgreitt meðlög á þeim tíma, sem málið fjallar um, þ. e. frá 1. maí 1989 til 1. september 1993. Elsta barn aðila varð 18 ára í ágúst 1990, og var því síðast greitt meðlag með því í september þ. á., en eins og áður sagði, greiddi stefnandi meðlögin mánaðarlega eftir á. Með þessu barni átti stefnandi því að greiða alls 210.304 kr. Næstelsta barnið varð 18 ára í september 1990, og átti stefnandi að greiða með því samtals 224.000 kr. Þriðja barnið, Stefán Patrik, varð ekki 18 ára fyrr en á þessu ári, og bar stefnanda að greiða með honum samkvæmt samningnum alls 786.044 kr. á því tímabili, sem hér um ræðir. Hið sama á við um yngsta barnið, sem er ekki enn orðið 18 ára. Samtals bar

Því stefnanda að greiða stefndu 2.006.392 kr. á því tímabili, er mál þetta fjallar um.

Hér að framan var það rakið, að stefnandi hefur á umræddu tímabili greitt stefndu í meðlög, ýmist beint eða fyrir meðalgöngu Tryggingastofnunar ríkisins, samtals 1.615.794 kr. Hann hefur því ekki ofgreitt henni, og verður hún því sýknuð af kröfum hans.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefndu 200.000 kr. í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefnda, Monika D. Blöndal, er sýknuð af kröfum stefnanda, Péturs H. Blöndal.

Stefnandi greiði stefndu 200.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.
